



Ráðhús Reykjavíkur  
Forsætisnefnd  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

**Tillaga um gjaldfrjáls námsgögn - R18020251.**

Á fundi velferðarráðs, þann 25. september 2018, var lögð fram tillaga Regínu Grétu Pálsdóttur, frá ungmennaráði Kjalarness, frá fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs þann 27. febrúar 2018, um gjaldfrjáls námsgögn reykvískra 16-18 ára nemenda í framhaldskólum frá með hausti 2018 í formi styrkja, ásamt umsögn sviðsstjóra, dags. 25. september 2018.

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúarnir taka undir umsögn velferðarsviðs um tillögu ungmennaráðs Kjalarness um að gera námsgögn ungmenna í framhaldsskólum á aldrinum 16-18 ára gjaldfrjáls. Málefni framhaldsskóla eru á forræði ríkisins, því er ákvörðun um gjaldfrjáls námsgögn til handa framhaldsskólanemum tekin á þeim vettvangi. Reykjavíkurborg býður nú þegar upp á fjárhagslega aðstoð fyrir fjölskyldur með lágar tekjur til kaupa á námsgögnum fyrir 16-17 ára ungmenni. Fulltrúarnir skorar á ríkið til að fara að fordæmi margra sveitarfélaga og gera námsgögn í framhaldsskólum gjaldfrjáls á sama hátt og borgin hefur nú þegar gert í grunnskólum borgarinnar. Fulltrúarnir fela einnig fulltrúa sínum í Velferðarvaktinni að koma þessari tillögu inn á borð þar til umræðu.

Greinagerð fylgir tillögunni.

Erindið er hér með sent forsætisnefnd til upplýsinga.

Virðingarfyllst,

Dís Sigurgeirsdóttir,  
skrifstofustjóri

Afrit:  
Hulda Valdís Valdimarsdóttir, verkefnastjóri á skóla- og frístundasviði.



Velferðarráð

Borgartún 10 - 12  
105 REYKJAVÍK

**Tillaga um gjaldfrjáls námsgögn fyrir 16-18 ára nemendur í framhaldsskólum**

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 27. febrúar 2018 var lögð fram svohljóðandi tillaga Reginu Grétu Pálsdóttur frá ungmennaráði Kjalarness:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að gera námsgögn reykvískra 16-18 ára nemenda í framhaldsskólum gjaldfrjáls frá og með haustönn árið 2018 í formi styrkja.


Greinargerð:

Menntun er sjálfsgöð mannréttindi og börn og foreldrar eiga ekki að bera kostnað af skólagögnum. Kostnaður við skólagögn eykst ár frá ári og við unglingsaldur getur hann hlaupið á tugum þúsunda. Reykjavíkurborg hefur samþykkt að frá og með haustinu 2018 sjái Reykjavíkurborg grunnskólanemum fyrir ritföngum og öðrum skólagögnum nemendum að kostnaðarlausu. Við viljum ganga lengra og leggja til að þeir framhaldsskólanemendur sem enn eru börn fái einnig skólagögn og ritföng sér að kostnaðarlausu og þá í formi styrkja frá borginni.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar velferðarráðs.

Athygli er vakin á því að **tillagan var ekki samþykkt á fundinum** og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fyrir, taka til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Æskilegt er að fulltrúi úr Reykjavíkurráðinu verði boðaður á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Óskað eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði. Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af velferðarráði fyrir þann tíma

  
Helga Björk Laxdal  
e.u.

Samrit:  
Reykjavíkurráð ungmenna

SKJALAVER HÖFÐATORGI
01. MAR. 2018
Málsnr.: VFL 2018-03-0004
Bréfalykill: 0.2.0



## Umsögn

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

**Efni:** *Tillaga Regínu Grétu Pálsdóttur fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness um gjaldfrjáls námsgögn fyrir 16 – 18 ára í framhaldsskólum. – R18020251*

Á fundi borgarstjórnar 27. febrúar 2018 var samþykkt að vísa neðangreindri tillögu frá Regínu Grétu Pálsdóttur í ungmennaráði Kjalarness til meðferðar velferðarráðs:

*„Lagt er til að borgarstjórn samþykki að gera námsgögn reykvískra 16–18 ára nemenda í framhaldsskólum gjaldfrjáls frá og með haustönn árið 2018“.*

**Umsögn:**

Velferðarsvið Reykjavíkur telur að mikið framfaraskref hafi verið tekið með þeirri ákvörðun borgarstjórnar að frá haustinu 2018 verði námsgögn og ritföng gjaldfrjáls fyrir grunnskólabörn í Reykjavík enda stuðlar slíkt að auknum jöfnuði meðal barna í borginni.

Í reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg er heimilt að veita námsstyrki til einstaklinga 18 ára og eldri sem á þurfa að halda og þannig er stuðlað að auknum tækifærum til menntunar. Í 18. gr. e – lið segir:

*„Heimilt er að veita tekjulágum foreldrum fjárstyrk vegna náms 16 og 17 ára barna þeirra. Hér er átt við tekjulága foreldra sem átt hafa í langvarandi félagslegum erfiðleikum.*

*Skal styrkurinn miða að því að greiða áætlaðan bókakostnað og skólagjöld.*

*Leitast ber við að kanna aðstæður beggja foreldra þegar mat er lagt á umsókn um aðstoð vegna barna.“*

Með þessum hætti er tækifæri til að mæta þeim hópi ungmenna sem er í mestri þörf fyrir aðstoð og þurfa stuðning til að stunda nám í framhaldsskóla.

Rekstur framhaldsskóla er á ábyrgð ríkisins og því þykir rétt að sú ákvörðun að gera námsgögn og ritföng gjaldfrjáls fyrir 16 -18 ára nemendur í framhaldsskólum liggi hjá ríkinu. Færa má rök fyrir því að gjaldfrjáls námsgögn og ritföng til allra barna, þar til sjálfræði er náð, stuðli að auknum jöfnuði.